**34. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 16.9. 2024, kl. 9:00**

---

Mætt eru: Halla Auðunardóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Kjartan Benediktsson og Lárus Heiðarsson oddviti. Anna Jóna Árnmarsdóttir boðaði forföll. 1. varamaður Urður Gunnarsdóttir var fjarverandi. 2. varamaður Guðni Jónsson mætti. Helgi Gíslason sveitarstjóri boðaði forföll. Samþykkt að bæta við lið nr. 8 Önnur mál.

**Dagskrá:**

1. Sorphirða
2. Tímabundin ráðningarsamningur landvarðar við Hengifoss
3. Breyting á umhverfisstyrk vegna 2023
4. Sauðárkofi
5. Fundargerðir
    a. Byggingar og skipulagsnefnd 30.8.2024
    b. Faghópur um Hengifoss 25.6.2024
    c. Faghópur um Hengifoss 22.8.2024
    d. Minjasafn Austurlands 21.8.2024
6. Fjárbeiðnir
    a. Kvennaathvarfið 3.9.2024
7. Bréf
    a. Samband austfirskra kvenna
8. Önnur mál

**1. Sorphirða**

Eftirfarandi tillaga var borin fram og samþykkt í sveitarstjórn Múlaþings þann 11. september 2024:

*Sveitarstjórn Múlaþings staðfestir samþykkt umhverfis- og framkvæmdaráðs um að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda gildra tilboða í samræmi við niðurstöðu útboðs á úrgangsþjónustu Múlaþings og Fljótsdalshrepps 2024-2028.*

Eftir umræður í sveitarstjórn var eftirfarandi tillaga lögð fram:

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps samþykkir að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda gildra tilboða í samræmi við niðurstöðu útboðs á úrgangsþjónustu Múlaþings og Fljótsdalshrepps 2024-2028.

2. **Tímabundin ráðningarsamningur landvarðar við Hengifoss**

Ráðningarsamningur við Lilju Sif Magnúsdóttur samþykktur af sveitarstjórn.

*Jóhann vék af fundi kl: 9:19*

3. **Breyting á umhverfisstyrk vegna 2023**

Samþykkt að færa umhverfisstyrk yfir á heimreið að Brekkubæ í landi Brekkugerðis.

*Jóhann kom aftur til fundar kl: 9:24*

4. **Sauðárkofi**

Fyrirspurn um hvort Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps veiti áhugamönnum um framtíð Sauðárkofa umboð til að taka að sér lagfæringar á honum. Fáist það mun verða stofnaður formlega félagsskapur um rekstur hans og að því búnu verður gengið frá formlegum samningi þar að lútandi við Fljótsdalshrepp.
Í forsvari fyrir hópinn eru Gísli og Baldur Pálssynir Hrafnkelsdælingar og Einar Axelsson Fljótsdælingur. Sveitarstjórn samþykkir erindið.

5. **Fundargerðir**

   a. **Byggingar og skipulagsnefnd 30.8.2024**
   Kynnt

   b. **Faghópur um Hengifoss 25.6.2024**
   Kynnt

   c. **Faghópur um Hengifoss 22.8.2024**
   Kynnt

   d. **Minjasafn Austurlands 21.8.2024**
   Kynnt

6. **Fjárbeiðnir**

   a. **Kvennaathvarfið 3.9.2024**

      Erindinu hafnað.

7. **Bréf**

   a. **Samband austfirskra kvenna**

      Oddvita falið að tala við Önnu Jónu Árnmarsdóttur sem tengilið sveitarfélagsins vegna þátttöku í samstarfi Sambands austfiskra kvenna.

8. **Önnur mál**

   Ársreikningur Almannavarna Austurlands kynntur.

   Tilboð frá Öryggismiðstöðinni vegna brunavarnarkerfis í Laugarfelli, kynnt.

Fundi slitið kl. 10:13

Halla ritaði fundargerð í tölvu.

______________________________

Guðni Jónsson

______________________________

Halla Auðunardóttir

______________________________

Jóhann F. Þórhallsson

______________________________

Kjartan Benediktsson

______________________________

Lárus Heiðarsson, oddviti